

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kort Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs þann 25. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 12. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvers vegna ekki er búið að innleiða greiðslugátt og koma öllum plastkortum Reykjavíkurborgar rafrænt í síma?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 26. september 2024.

Svar:

Spurt er um tvö verkefni, annars vegar greiðslugátt og hins vegar stafræn kort.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvers vegna ekki er búið að innleiða greiðslugátt

Greiðslugáttin er á ábyrgð fjármála- og áhættustýringarsviðs sem sérstakt verkefni. Útfærsla hennar er unnin á fjármála- og áhættustýringarsviði í samstarfi við færsluhirði Reykjavíkurborgar, Teya.

[...] og koma öllum plastkortum Reykjavíkurborgar rafrænt í síma?

Stafrænt kort fyrir sundlaugar, söfn og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn er á ábyrgð menningar- og íþróttasviðs, og vinna við það er í gangi. Þarfagreiningu er lokið og frumgerð (e. Proof of Concept) hefur skilað góðum árangri, þrátt fyrir að upp hafi komið hnökrar í tengingu við greiðslu-, hliða- og afgreiðslukerfi, sem nú er verið að leysa.

Menningar- og íþróttasvið undirbýr útboð á nýju aðgangs-, afgreiðslu- og birgðakerfi. Útboðsvinna og tillögur að kostnaðarmódeli fyrir kortalausnina eru þegar til staðar, og verður einföld útfærsla boðin út í samræmi við þarfagreiningu. Kortalausnin mun því geta nýst notendum á fyrstu stigum. Í framhaldinu verður þróuð sjálfsafgreiðslu veflausn sem verður aðgengileg á ytri vef borgarinnar, sérstaklega fyrir ferðamenn, og tengd Mínum síðum fyrir Reykvíkingsa, sem auðveldar yfirsýn yfir þeirra mál.

Almennt hafa sveitarfélög ekki þróað kortalausn með sjálfsafgreiðslumöguleikum tengdum Mínum síðum, en hafa sum náð að bjóða upp á tímabundnar lausnir, þar sem lausnir virka fyrir afmarkaðan hluta af þjónustu sveitarfélaganna.



Sjá einnig bókun frá fundi stafræns ráðs þann 9. október 2024, sbr. 4. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Stafrænt ráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Þegar ákvarðanir eru teknar um kaup á stafrænum lausnum er mikilvægt að heildræn sýn sé í fyrirrúmi og horft sé til þjónustustefnu borgarinnar þar sem áhersla er lögð á að þjónustan sé umfram allt aðgengileg, einföld og framúrskarandi. Notendasamráð hefur sýnt fram á að kallað hefur verið eftir snjallveskis lausn auk þess mun NFC aðgengislausn vera eina leiðin til að uppfylla öryggiskröfur Reykjavíkurborgar. Stafrænt ráð dregur í efa að smáforrit BRP uppfylli fyrrgreind áhersluatriði og efast um að það mæti þörfum notenda út frá þjónustustefnu borgarinnar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur